

Fyrirspurn

til ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um greiningu á
áhættu og öryggismálum í ferðamennsku og ferðaþjónustu.

Frá Vilhjálmi Árnasyni.

1. Hvaða áhættumat og áhættugreiningar liggja fyrir á sviði ferðamennsku og ferðaþjónustu?
2. Hvaða viðbragðs- og öryggisáætlanir liggja fyrir á sviði ferðamennsku og ferðaþjónustu?
3. Liggur fyrir fjarskipta- og boðsendingaskipulag á sviði ferðamennsku og ferðaþjónustu? Ef svo er ekki er óskað eftir upplýsingum um hvort slíkt er fyrirhugað eða í vinnslu.
4. Ber þjónustuveitendum í ferðamennsku og ferðaþjónustu að framkvæma greiningar eða úttektir samkvæmt framangreindu? Er boðið upp á fræðslu eða leiðbeiningu hvað þetta snertir?
5. Hvernig eru viðbrögð við hættu í ferðamennsku og ferðaþjónustu samhæfð og hver hefur yfirumsjón með samhæfingu aðgerða?

Skriflegt svar óskast.